

Fundargerð

Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árnesþings

22. fundur Skólaþjónustu- og velferðarnefndar var haldinn í fundarherbergi Skóla- og velferðarþjónustu í Hveragerði þriðjudaginn 20. júní 2017 kl 16.00. Mættir voru: Bryndís Böðvarsdóttir, Unnur Þormóðsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Hörður Óli Guðmundsson, Sigurbára Rúnarsdóttir og María Kristjánsdóttir forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

Eyrún Hafþórsdóttir og Ásmundur Lárusson boðuðu forföll

1. **Þarfagreining – Uppbygging félagsleg leiguhúsnæðis í Árnesþingi.**
Forstöðumaður kynnti stöðu húsnæðismála í sveitarfélögunum með tilliti til þarfa tekjulágra einstaklinga, fatlaðs fólks og aldraðra.
2. Erindi frá sveitarfélaginu Ölfusi sem óskar eftir umsögn nefndarinnar er varðar styrk til Batasetur Suðurlands Geðræktarmiðstöð.
Nefndin óskaði eftir upplýsingum um hversu margir frá hverju sveitarfélagi væri að nýta sér þjónustu en var neitað um þær upplýsingar. Í ljósi þessa vitum við ekki hver þörfin er fyrir þetta úrræði á okkar svæði. Nefndin getur á þeim forsendum hvorki mælt með né mælt gegn því að veita styrk til Batasetursins.

Fundi slitið kl 16:50



Bryndís Böðvarsdóttir, formaður



Bjarney Vignisdóttir



Sigurbára Rúnarsdóttir



Unnur Þormóðsdóttir



Hörður Óli Guðmundsson



María Kristjánsdóttir

Þarfagreining – Uppbygging félagslegs leiguhúsnæðis í sveitarfélögum í Árnessýslu utan Árborgar.

Á fundi Skólaþjónustu- og velferðarnefndar haldinn þann 15. mars 2017 fól nefndin forstöðumanni að vinna að greiningu á þörfum ólíkra samfélagshópa, eins og tekjulágra einstaklinga, fatlaðs fólks og aldraðra vegna húsnæðismála og leggja fram tillögu að uppbyggingu félagslegs leiguhúsnæðis fyrir sveitarfélögin.

Þarfagreiningin fór þannig fram að farið var yfir fjölda félagslegs leiguhúsnæði í hverju sveitarfélagi og einnig fengið upplýsingar um fjölda íbúða sem eru í langtímaleigu hjá húsnæðissamvinnufélögum og öðrum leigufélögum. Í flestum sveitarfélögum liggja ekki fyrir biðlistar eftir félagslegu leiguhúsnæði því mikill skortur er á slíku húsnæði og hafa starfsmenn reynt að liðsinna fólki í húsnæðisvanda á annan hátt eins og að aðstoða við leit á leiguhúsnæði og veita tekjulágum einstaklingum styrk til fyrirframgreiðslu húsnæðis sbr. reglur Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþing um fjárhagsaðstoð. Þrátt fyrir að biðlistar liggja ekki fyrir þá hafa starfsmenn upplýsingar og vitneskju um einstaklinga og hópa sem þurfa á aðstoð að halda vegna húsnæðismála.

Í þessari þarfagreiningu verða settar fram upplýsingar um hvert sveitarfélag fyrir sig og er horft til næstu 8 ára. Gert er ráð fyrir þremur mismunandi tegundum af félagslegu leiguhúsnæði

- Almenn félagslegt húsnæði
- Félagslegt húsnæði fyrir aldraða
- Sértek búsetuúrræði

Sértek búsetuúrræði eru ætluð fötluðu fólki sem þarf á sólarhringsþjónustu að halda. Uppbygging slíkra úrræða eru unnin í samstarfi við Bergrisann – byggðasamlag um mélefni fatlaðs fólks. Margir fatlaðir einstaklingar geta nýtt sér almennt félagslegt húsnæði en gera þarf ráð fyrir góðu aðgengi og að veita einstaklingsbundna þjónustu inn á heimili þeirra. Í tölum hér fyrir neðan þegar skoðuð er þörf á almennu félagslegu leiguhúsnæði þá eru fatlaðir einstaklingar inn í þeim tölum.

Sveitarfélögin geta séð um byggingu eða kaup á félagslegu leiguhúsnæði en hafa jafnframt möguleika með tilkomu stofnframlaga að leitast við að fá húsnæðisfélag sem sinnir lágtekjuhópum til að koma að uppbyggingu húsnæðis fyrir slíka hópa.

Bláskógabyggð

Framboð af félagslegu leiguhúsnæði og almennu leiguhúsnæði.

Bláskógabyggð hefur byggt 12 íbúðir ætlaðar öldruðum og eru 8 íbúðir í Reykholti og 4 íbúðir á Laugarvatni. Sveitarfélagið á einnig 4 félagslegar leiguíbúðir sem eru staðsettar í Reykholti. Almenna leigufélagið á 14 íbúðir í Reykholti sem eru í langtímaleigu.

Stærð þessa íbúða er sem hér segir:

- | | |
|---|------------------|
| 7 | 2ja herb. íbúðir |
| 5 | 4ja herb. íbúðir |
| 2 | 5 herb. íbúðir. |

Litlar breytingar hafa orðið á leigjendum í þessum íbúðum á undanförunum árum.

Húsnæðisþörf

Almennt félagslegt leiguhúsnæði: 1 2ja herb. íbúð
1 3ja herb. íbúð

Félagslegt leiguhúsnæði fyrir aldraða :

Húsnæði fyrir aldraða. Í Uppsveitum Árnessýslu hafa tvö sveitarfélög byggt húsnæði sérstaklega ætlað eldra fólki og er það húsnæði í stærsta byggðakjarna þeirra sveitarfélaga. Dreifbýli er mikið í uppsveitum og skv. mannfjöldaspa þá eru íbúar að eldast. Margir hverjir búa í óhentugu húsnæði og oft ekki hægt að veita alla þá þjónustu sem þarf inn á heimilin sökum dreifbýlis.

Til að koma á mótis við þennan hóp eldri borgara að þá gætu sveitarfélögin í Uppsveitum sameinast um byggingu 6-8 íbúða með góðu aðgengi sem væru staðsettar í einum þéttbýliskjarna eins sveitarfélags. Ekki er ráðlagt að fara út í slíkt samstarf nema að vinna að því í góðu samstarfi við félag eldri borgara á svæðinu.

Sértækt búsetuúrræði - ekki þörf á slíku úrræði í Bláskógabyggð.

Grímsnes- og Grafningshreppur

Framboð af félagslegu leiguhúsnæði og almennu leiguhúsnæði.

Í Grímsnes- og Grafningshreppi á Almenna leigufélagið 11 íbúðir sem eru í langtímaleigu Stærð þessara íbúða skiptist þannig:

5 2ja herb. íbúðir

6 4ra herb. íbúđir

Lítil hreyfing hefur verið á þessum íbúðum

Húsnæðisþörf

Almennt félagslegt leiguhúsnæði 4 2ja herb. íbúðir

Félagslegt leiguhúsnæði fyrir aldraða

Húsnæði fyrir aldraða. Í Uppsveitum Árnessýslu hafa tvö sveitarfélög byggt húsnæði sérstaklega ætlað eldra fólki og er það húsnæði í stærsta byggðakjarna þeirra sveitarfélaga. Dreifbýli er mikið í uppsveitum og skv. mannfjöldaspá þá eru íbúar að eldast. Margir hverjir búa í óhentugu húsnæði og oft ekki hægt að veita alla þá þjónustu sem þarf inn á heimilin sökum dreifbýlis.

Til að koma á móts við þennan hóp eldri borgara að þá gætu sveitarfélögin í Uppsveitum sameinast um byggingu 6-8 íbúða með góðu aðgengi sem væru staðsettar í einum þéttbýliskjarna eins sveitarfélags. Ekki er ráðlagt að fara út í slíkt samstarf nema að vinna að því í góðu samstarfi við félag eldri borgara á svæðinu.

Sértækt búsetuúrræði – ekki þörf á slíku úrræði í Grímsnes- og Grafningshreppi

Hrunamannahreppur

Framboð af félagslegu leiguhúsnæði og almennu leiguhúsnæði.

Hrunamannahreppur á 6 leiguíbúðir ætlaðar öldruðum sem staðsettar eru á Flúðum.

Almenna leigufélagið á 5 leiguíbúðir sem eru í langtímaleigu.

Stærð íbúða er sem hér segir:

3 4ra herb. íbúðir

2 2ja herb. íbúðir.

Húsnæðispörf

Almennt félagslegt leiguhúsnæði

4 2ja herb. íbúðir

Félagslegt leiguhúsnæði fyrir aldraða

Húsnæði fyrir aldraða. Í Uppsveitum Árnessýslu hafa tvö sveitarfélög byggt húsnæði sérstaklega ætlað eldra fólki og er það húsnæði í stærsta byggðakjarna þeirra sveitarfélaga. Dreifbýli er mikið í uppsveitum og skv. mannfjöldaspá þá eru íbúar að eldast. Margir hverjir búa í óhentugu húsnæði og oft ekki hægt að veita alla þá þjónustu sem þarf inn á heimilin sökum dreifbýlis.

Til að koma á móts við þennan hóp eldri borgara að þá gætu sveitarfélögin í Uppsveitum sameinast um byggingu 6-8 íbúða með góðu aðgengi sem væru staðsettar í einum þéttbýliskjarna eins sveitarfélags. Ekki er ráðlagt að fara út í slíkt samstarf nema að vinna að því í góðu samstarfi við félag eldri borgara á svæðinu.

Sértækt búsetuúrræði

1 einstaklingsíbúð með sameiginlegu rými

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Framboð af félagslegu leiguhúsnæði og almennu leiguhúsnæði.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur á eina félagslega leiguíbúð sem er 2ja herb. íbúð. Almenna leigufélagið 4 íbúðir sem eru í langtímaleigu

Stærð þessara íbúða skiptist þannig:

3 2ja herb. íbúðir

1 5 herb. íbúð

Lítil hreyfing hefur verið á þessum íbúðum.

Húsnæðispörf

Almennt félagslegt leiguhúsnæði

4 2ja herb. íbúðir

1 4ra herb. íbúð

1 5 herb. íbúð

Félagslegt leiguhúsnæði fyrir aldraða

Húsnæði fyrir aldraða. Í Uppsveitum Árnassýslu hafa tvö sveitarfélög byggt húsnæði sérstaklega ætlað eldra fólki og er það húsnæði í stærsta byggðakjarna þeirra sveitarfélaga. Dreifbýli er mikið í uppsveitum og skv. mannfjöldaspá þá eru íbúar að eldast. Margir hverjir búa í óhentugu húsnæði og oft ekki hægt að veita alla þá þjónustu sem þarf inn á heimilin sökum dreifbýlis.

Til að koma á móts við þennan hóp eldri borgara að þá gætu sveitarfélögin í Uppsveitum sameinast um byggingu 6-8 íbúða með góðu aðgengi sem væru staðsettar í einum þéttbýliskjarna eins sveitarfélags. Ekki er ráðlagt að fara út í slíkt samstarf nema að vinna að því í góðu samstarfi við félag eldri borgara á svæðinu.

Sértækt búseturúrræði

1

Einstaklingsíbúð með sameiginlegu rými

Flóahreppur

Framboð af félagslegu leiguhúsnæði og almennu leiguhúsnæði.

Í Flóahreppi er ein félagsleg leiguíbúð. Ekki er vitað um neinar almennar leiguíbúðir í langtímaleigu í sveitarfélaginu.

Húsnæðisþörf

Almennt félagslegt leiguhúsnæði

3-4 2ja herb. íbúðir

1 4ra herb. íbúð

Félagslegt leiguhúsnæði fyrir aldraða: Skv. mannfjöldaspá þá fer öldruðum fjölgandi í sveitarfélaginu og hlutfallslega er fjöldi aldraðra sem fá heimaþjónustu mestur í Flóahreppi af sveitarfélögunum á svæðinu. Aðgengi hjá mörgum er ekki gott. Til að koma á móts við þennan hóp eldri borgara gæti Flóahreppur byggt 2-3 2ja herb. íbúðir með góðu aðgengi, þar sem eldri borgara hefðu forgang í þær íbúðir.

Sértækt búseturúrræði

1

Einstaklingsíbúð með sameiginlegu rými

Hveragerði

Framboð af félagslegu leiguhúsnæði og almennu leiguhúsnæði.

Hveragerðisbær á 3 almennar félagslegar leiguíbúðir, þ.e. 2 3ja herb. íbúðir og 1 4ra herb. íbúð. Leigufélagið Heimavellir eiga 14 leiguíbúðir í sveitarfélaginu sem eru í langtímaleigu. Stærð þeirra íbúða er sem hér segir:

9 2ja herb. íbúðir

4 3ja herb. íbúðir

1 4ra herb. íbúð

Öryrkjabandalagið – Brynja hússjóður á eina 2ja herb. leiguíbúð í sveitarfélaginu

Lítill hreyfing hefur verið á þessum íbúðum.

Hveragerðisbær hefur ekki byggt sérstakar íbúðir fyrir aldraða en í bænum eru 16 íbúðir sem Búmenn hsf húsnæðissamvinnufélag eiga og eru ætlaðar öldruðum. Ás hefur einnig til leigu 6-7 íbúðir ætlaðar 60 ára og eldri. Í Hveragerði er eitt heimili sem flokkast undir sértækt búsetuúrræði og búa þar 5 einstaklingar.

Húsnæðisþörf

Almennt félagslegt leiguhúsnæði:

2	5 herb. íbúðir
2	4ra herb. íbúðir
5	3ja herb. íbúðir
10	2ja herb. íbúðir

Þessi áætlun miðar við næstu 8 ár en þó nokkrir eru í miklum húsnæðisvanda og er mikilvægt að sem allra fyrst verði leyst úr húsnæðisvanda 4ra fjölskyldna.

Félagslegt leiguhúsnæði fyrir aldraða: Í Hveragerði er nokkur eftirspurn hjá eldra fólki með lágar tekjur sem býr eitt eða hefur misst maka sinn eftir litlum hentugum íbúðum. Hlutfall eldri borgara í sveitarfélaginu er mun hærra en landsmeðaltal og hefur verið það til fjölda ára. Til að koma á móts við þennan hóp eldri borgara á næstu árum þyrfti að gera ráð fyrir 6-8 íbúðum 2ja herbergja með góðu aðgengi.

Sértækt búsetuúrræði - ekki þörf á slíku úrræði næstu 8 árin.

Sveitarfélagið Ölfus

Framboð af félagslegu leiguhúsnæði og almennu leiguhúsnæði.

Sveitarfélagið Ölfus á 5 almennar félagslegar leiguíbúðir, þ.e. 1 2ja herb. íbúð, 3 3ja herb. íbúðir og 1 4ra herb. íbúð. Leigufélagið Heimavellir eiga 14 leiguíbúðir í sveitarfélaginu sem eru í langtímaleigu.

Stærð þeirra íbúða er sem hér segir:

8	2ja herb. íbúðir
4	3ja herb. íbúðir
2	4ra- 5 herb. íbúð

Lítill hreyfing hefur verið á þessum íbúðum og svo virðist sem Heimavellir ætli að setja nokkrar íbúðir á sölu svo þá fækkar almennum langtímaleiguíbúðum á markaðnum.

Í Þorlákshöfn á sveitarfélagið 10 félagslegar leiguíbúðir að Egilsbraut 9 sem eru ætlaðar öldruðum. Húsnæðissamvinnufélagið Elliði hefur byggt 24 íbúðir fyrir aldraða í sveitarfélaginu. Í Ölfusi er eitt heimili sem flokkast undir sértækt búsetuúrræði og búa þar 6 einstaklingar.

Húsnæðisþörf

Almennar félagslegar leiguíbúðir:

7	2ja herb. íbúð
---	----------------

- 3 3ja herb. íbúðir
- 3 4ra herb. íbúðir
- 2 5 herb. íbúðir

Félagslegt leiguhúsnæði fyrir aldraða: Á biðlista eru núna 3 gildar umsóknir. Samkvæmt mannfjöldaspá má búast við talsverði fjölgun í elsta aldurshópnum á komandi árum. Nauðsynlegt er að fara að huga að því að byggja við Egilsbraut 9 3-4 íbúðum á næstu árum.

Sértækt búsetuúrræði - Á næstu 8 árum er ekki þörf á slíku úrræði.

Hveragerði 20. júní 2017

María Kristjánsdóttir forstöðumaður
Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings